

**Nd.**

## **150. Tillaga**

til þingsályktunar um lán handa Suðurfjarðahreppi.

Flutningsmaður: Hákon Kristófersson.

Alþingi ályktar að heimila stjórninni að lána Suðurfjarðahreppi 35000 krónur, til að fullgera rafveituna á Bildudal. Lánið veitist gegn ábyrgð sýslufjelags Vestur-Barðastrandarsýslu, ávaxtast með 5% árlegum vöxtum og greiðist með jöfnum afborgunum á 40 árum.

### **Greinargerð.**

Ástæður fyrir tillögu þessari felast í brjefi því frá hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, dags. 21. mars, sem hjer er prentað.

Sumarið 1913 fengu nokkrir menn hjer í Bildudal rafmagnsfræðing til að koma hingað og athuga, hvernig hentugast væri að raflýsa kauptúnið. Áleit hann að með því að nota Litlueyrará, sem rennur eftir Bildudalnum, skamt frá kauptúninu, mætti fá rafmagn, nægilegt til að lýsa öll hús og götur í kauptúninu, og stofnkostnaður við það mundi verða um 15 þúsund krónur.

Haustið eftir og veturinn hjeldu menn hjer áfram að athuga vatnsmagn-ið í ánni, en þóttust þá verða þess visari, að þessi á — Litlueyrará — yrði oft svo lítil, að tæpast yrði hún notuð til rafveitu.

Varð nú ekki meira aðgert og liðu svo tvö ár.

Vorið 1915 var þingmanni kjördæmisins falið að útvega hjá þinginu 15 þúsund króna lán til að raflýsa Bildudalskaup-tún. — Þetta tókst. — Þingið 1915 veitti heimild til að lána úr viðlagasjóði til 20 ára 15 þúsund krónur til að raflýsa Bildudalskaup-tún.

Veturinn eftir, þann 28. jan., var á fjölmönnum sveitarfundi fyrir Suðurfjarðahrepp, sem haldinn var í Bildudal, með öllum greiddum atkvæðum skor-að á hreppsnefndina að láta raflýsa Bildudal og nota lánsheimild þingsins.

Halldór Guðmundsson, rafmagnsfræðingur, var nú fenginn til að koma vestur til nýrra rannsókna; komst hann nú að þeirri niðurstöðu, að Litlueyrará væri ekki hægt að nota, en með því að nota Hnúksá, sem líka rennur eftir Bildudalnum, en nokkru fjær, mætti fá rafveitu með minst 50 hestöflum og sem myndi nægja ekki aðeins til að lýsa hús og götur, heldur einnig til suðu fyrir flest hús kauptúnsins. Stofnkostnað áætlaði hann 53 þúsund krónur.

Var nú ákveðið að koma rafveitunni á, bygt á þessari áætlun, og Hall-dóri falin forustan.

Var nú tekið til starfa.

Rafmagnsfræðingurinn fór til útlanda til að útvega vjelar og áhöld, og

fjekk hann loforð um, að það kæmi til landsins veturinn á eftir. En hjer var alt sumarið unnið að því að stífla ána, reisa stöðvarhús, undirbúa leiðslur o. fl.

Veturinn eftir komst kafbátahernaðurinn í algleyming og allir flutningar hingað frá útlöndum hindruðust. Gekk nú seint og erfitt að fá vjelarnar og áhöldin flutt, og þegar komið var fram á sumar (1917) var enn margt ókomið. Flutningsgjöld hækkuðu. Var nú augljóst, að kostnaðaráætlun sú, sem upphaflega var gerð, myndi reynast alt of lág.

Var nú áætlað, að ekki yrði komist af með minna en 75 þúsund krónur.

Þá upphæð lánaði Landsbankinn með veðdeildarkjörum til 40 ára, gegn ábyrgð sýslusjóðs og fyrsta veðrjetti í rafveitustöðinni og öðrum eigum og tekjum hreppsins.

Nú stöðjaði ógæfan að fyrir alvöru í ýmsum myndum.

Skipi, sem flutti járnþípur til að leiða vatnið í, var sökt; var þá látið steypa sementsþípur í Reykjavík í stað járnþípnanna. Tók það langan tíma og varð dýrt. Vetur lagðist að fyr en venja er til með ótíð og frostum. Varð því að hætta við alla vinnu miklu fyr en gert hafði verið ráð fyrir.

Síðan hefir ekkert verið hægt að gera og verður ekki fyr en ísa leysir úr jörðu.

Nú er þannig ástatt, að allar vjelar, þípur og áhöld eru komin hingað, nema suðuáhöld.

Eftir er að leggja mikið af þípum í jörðu, ljúka við stöðvarhúsið og ýmislegt fleira smávægilegra, en alt er það vinna, sem ljúka má við í vor, ef verkamenn og peninga ekki skortir.

Eins og fyr er á drepið, lánaði Landsbankinn 75 þúsund krónur, en þegar síðastliðið haust að allir erfiðleikar margfölduðust og dráttur varð á, að hægt væri að ljúka við verkið, fór kostnaðurinn líka enn á ný mikið fram úr áætlun. Einstakir menn lánuðu 15 þúsund krónur til að hægt væri að halda áfram, en þá peninga verður að endurgjalda næsta haust. Enn þá er eftir að borga nokkuð af þípum, og mikla peninga þarf til að borga verkamönnum í vor. Þar að auki þarf hreppsnefndin að leggja út peninga fyrir suðuáhöld og líklega að lána notendum þau að meira eða minna leyti. Vexti og afborgun af bankaláninu verður að borga í haust, en þangað til eru engin líkindi til að rafveitan gefi af sjer neinar verulegar tekjur.

Er því nú áætlað, að kostnaðurinn verði alls og alls 110 þúsund krónur.

Þar af hefir Landsbankinn lánað 75 þúsund krónur, og vantar þá 35 þúsund krónur.

Þá peninga er engin von til að bankinn láni, því nú hefir hreppurinn ekkert eftir að veðsetja.

Fáist því peningar ekki á einhvern hátt, verður ekki hægt að ljúka við rafveituna.

Snúum við okkur því til hins háa Alþingis og biðjum það að útvega þessa upphæð — 35 þúsund krónur — með sem bestum borgunarskilmálum að hægt verður að fá. Verður fjeð að verða handbært fyrir hreppsnefndina á þessu ári.

Þær 15 þúsund krónur, sem þingið heimilaði að lána úr viðlagasjóði 1915, reyndi hreppsnefndin að fá, en stjórnarráðið svaraði henni, að peningar væru ekki til.

Fáist þessar 35 þúsund krónur, verður áreiðanlega hægt að ljúka við rafveituna í sumar, og fer hún þá að gefa tekjur af sjer, og þar að auki verður hægt að veita mörgum mönnum góða atvinnu í vor, en atvinnuskortur líklega tilfinnanlegur hjer annars.

Fáist peningar ekki, verður ekki hægt að ljúka við rafveituna, og verður það augljós voði fyrir hreppsfelagið og sýslusjóð.

Treystum við hinu háa Alþingi til að ráða fram úr þessum vandræðum.

Virðingarfylst.

Bildudal, hinn 31. marz 1918.

Í hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps.

Jón Árnason.      Ásb. Júlíus Nikulásson.

Jón S. Bjarnason.      Samúel Pálsson.

Ásgeir Ásgeirsson.

Til Alþingis.